

# Náttúruvættið Kaldárhraun og Gjárnar í upplandi Hafnarfirði

## Samningur um umsjón og rekstur

1. gr.

### *Samningsaðilar.*

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579 gera með sér samning um umsjón og rekstur náttúruvættisins sem kennt er við Kaldárhraun og Gjárnar í upplandi Hafnarfjarðar í samræmi við 30. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Friðlýsta svæðið er 208,9 ha að flatarmáli, en Kaldárhraun er heillegt og óraskað helluhraun á vinsælu útivistarsvæði við Helgafell, en upptök hraunsins er í gígum austan við norðurenda Gvendarselshæðar. Með friðlýsingunni er m.a. verið að vernda helluhraunsmýndun og fagrar klettamyndanir í vestari hrauntröðinni frá hinni kunnu eldstöð Búrfelli.

2. gr.

### *Markmið samningsins*


Markmið samningsins er að umsjón og rekstur náttúruvættisins sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999, reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, nr. 396/2009 og reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

3. gr.

### *Mörk náttúruvættisins.*

Mörk náttúruvættisins Kaldárhrauns og Gjánna í upplandi Hafnarfjarðar eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti þar sem fram koma hnit, ISN-93, sem svæðið markast af.

H. L. L. K. L.



## Gjárnar og hraunið við Kaldá, náttúruvætti í upplandi Hafnarfjarðar

Afmörkun svæðis:

Hnit ISN-93

Stærð: 208,9 ha

Núverandi lóð innan  
náttúruvættisins er  
undanskilin þessari  
fríðlýsingu.

—○— Fríðlýsingarmörk

— Akvegir

□ Lóðamörk

hnit x y

01 356974 394566

02 357068 394629

03 357420 394640

04 357589 394791

05 357906 394697

06 358328 394240

07 358791 394772

08 359451 394658

09 359519 394584

10 359986 394782

11 360300 394705

12 360326 394570

hnit x y

13 360086 394499

14 360019 394382

15 360005 394233

16 359939 394213

17 359854 394240

18 359719 394389

19 359600 394234

20 359424 394230

21 359387 394165

22 359691 393925

23 359473 393517

24 359113 393518

hnit x y

25 359076 393617

26 358673 393626

27 358445 393903

28 358250 393909

29 357827 394094

30 357580 394000

31 357501 394094

32 357562 394290

33 357446 394445

34 357128 394348

35 356964 394388

0 500 1000 2000 M

1: 30.000



Kortagerð: Landslag ehf.  
28. maí 2008

4. gr.

Verndaráætlun.

Umhverfisstofnun í samstarfi við Hafnarfjarðarkaupstað skal vinna að gerð verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Kaldárhraun og Gjárnar í samræmi við d lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Samið skal sérstaklega um skiptingu kostnaðar vegna gerðar verndaráætlunar.

*[Handwritten signature]*

5. gr.

*Umsjón og landvarsla.*

Hafnarfjarðarkaupstaður sér um daglegt eftirlit, umsjón og rekstur með náttúruvættinu. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvæðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Ef ráðinn verður landvörður fyrir svæðið skal hann uppfylla ákvæði 29.gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

6. gr.

*Fræðsla.*

Umhverfisstofnun og Hafnarfjarðarkaupstaður hafa samstarf um útgáfu fræðsluefnis, svo sem bæklinga og skilti. Merki beggja aðila skal vera á öllu fræðsluefni. Um skiptingu kostnaðar skal samið hverju sinni.

7. gr.

*Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir*

Öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi skal vera í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir, auglýsingu um friðlýsingu Kaldárhrauns og Gjánna í Stjórnartíðindum og verndaráætlun. Varðandi allar framkvæmdir innan náttúruvættisins ber að fylgja ákvæðum 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

8. gr.

*Gjaldtaka og þjónustugjöld.*

Hafnarfjarðarkaupstað er heimilt að taka þóknun fyrir þjónustu sem veitt er innan náttúruvættisins svo sem leiðsögn um svæðið í samræmi við 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

9. gr.

*Skipting kostnaðar.*

Hafnarfjarðarkaupstaður kostar laun og annan kostnað vegna daglegs eftirlits, umsjónar og rekstrar á hinu friðlýsta svæði. Um sérstök verkefni skal samið hverju sinni, um framkvæmd verksins og skiptingu kostnaðar.

10. gr.

*Skýrslugerð.*

Hafnarfjarðarkaupstaður skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi í náttúruvættinu. Skila skal skýrslu til Umhverfisstofnunar í lok hvers starfsárs. Í skýrslunni skal tilgreina um veittar undanþágur sbr. 8.gr. auglýsingar um náttúruvættið Kaldárhraun og Gjárnar, ástand lands og lífríkis, fræðslu, gestafjölda, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi friðlandið.

11. gr.

*Eftirlit Umhverfisstofnunar.*

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000, 30. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og verndaráætlun.

12. gr.

*M. K. 201*

*Gildistími.*

Gildistími samnings þessa fyrir náttúruvættið Kaldárhraun og Gjárnar er 10 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

13. gr.

*Ákvæði um endurskoðun.*

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að fimm árum liðnum. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er 6 mánuðir.

14. gr.

*Meðferð ágreiningsmála.*

Umhverfis- og auðlindaráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.


15. gr.

*Gildistaka.*

Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfis- og auðlindaráðherra einu. Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

*Hafnarfjörður 18. ágúst 2015*


F.h. Umhverfisstofnunar

  
Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri


F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

  
Haraldur L. Haraldsson  
bæjarstjóri

Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra

  
Sigrún Magnúsdóttir

Vottar:

  
Þórunn Eiríksdóttir